

Alþjóðaráð

Fundargerð 16.8.2016 KI 18:00 í Hraunbæ 123

Mætt: Jón Þór Gunnarsson, Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir, Liljar Már Þorbjörnsson
Í fjarfundarbúnaði : Tinna María Halldórsdóttir, Marta Magnúsdóttir
Gestir: Berglind Lilja Björnsdóttir, formaður Ungmennaráðs

1. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
2. Evrópuráðstefna - Kynning
 - a. Evrópuráðstefna WOSM og WAGGGS var haldin í Osló í júní s.l. Jón Þór Gunnarsson og Bragi Björnsson sóttu evrópuþing WOSM en Sonja Kjartansdóttir og Kári Gunnlaugsson sóttu evrópuþing WAGGGS. Helstu viðfangsefni voru samstarf WOSM og WAGGGS, niðurstöður starfsáætlunar síðustu þriggja ára og gerð nýrrar starfsáætlunar fyrir komandi ár.
 - b. Hulda Sólrún Guðmundsdóttir var endurkjörin í evrópustjórn WOSM.
3. Landsmót - Stutt endurmat
 - a. Ef landsmót eru með jafn stuttu millibili og undanfarin ár þarf að gera ný heimskindarmerki fyrir leik alþjóðaráðs. Ekki vakti lukku að vera með sömu merki. Velt var upp hugmyndium hvernig bæta mætti leikinn fyrir næsta landsmót, m.a. að vera með mismunandi verkefni fyrir hvert aldurstig og færa áhersluna yfir á að einstaklinginn og hans verk - í stað þess að láta aðra einstaklinga gera góðverk fyrir sig.
 - b. Gaman hefði verið að sjá fleiri samtök í tjaldinu okkar. Miskilningur var á milli stýrihóps opnu dagskrárinnar og alþjóðaráðs um hver hefði samband við hin ýmsu samtök. Starfsmaður skátamiðstöðvarinnar og tengiliður ráðsins brást þó fljótt við vikunni fyrir mót og fékk efni frá hinum ýmsu samtökum til að kynna.
 - c. Alþjóðaráð heyrði af áhuga hjá nokkrum skátafélögum og skátahópum á skátamótum í Noregi og Danmörku á næsta ári.
 - d. Gaman væri á næsta móti að virkja erlendu þátttakendur betur í tjaldinu, t.d. Vera með "pop-up" activity og fá löndin sem sækja mótið til að taka þátt.
 - e. Landsmót er núna á dagskrá 2019. Ráðið sammála um að það er að mörgu leiti óheppilegt að vera með landsmót á sama tíma og Jamboree. Velta þarf fyrir sér öðrum leiðum eða hvernig hægt væri að framkvæma það.
4. Euro-Mini-Jam - Stutt frásögn
 - a. 17 íslendingar tóku þátt á mótinu sem haldið var í Mónakó. Fyrsti hópurinn sem tjaldar í Mónakó í 50 ár en það hefur verið bannað. Dagskrá var almennt til fyrirmyndar og gott skipulag hjá mótshöldurum. Næsta mót verður í Færeyjum 2018 og í Gíbraltar 2021.
5. Roverway - Stutt frásögn
 - a. 45 íslendingar fyrir hönd BÍS sóttu mótið. Þátttakendur almennt mjög sáttir. Dagskráin gekk vel. Eitthvað um létt kvart um mat en það var nægur matur. Engin stór atvik en minniháttar eymsli. Europe Route gekk vel. Mjög vel skipulagt, fræðandi en jafnframt skemmtilegt. Fengu svo alvöru hlutverk sem facilitate-orar í Jambville.

- b. Endurmat verður sent á þátttakendum. Fararstjórar senda einnig inn endurmat til BÍS.
6. Viðburðir framundan
- a. Start-up: 27. ágúst á Selfossi frá 10 - 20 Þórey kemur eftir hádegi. Tinna líklega í bænum og kemst. Liljar boðar forföll.
 - b. Félagsforingjafundur: JÞG mun sækja félagsforingjafund. Skilaboð frá ráðinu verða stutt erindi um komandi alþjóðlega viðburði, stuðning frá Erasmus+ og að við í ráðinu erum alltaf til í að hjálpa.
 - c. Finnlandsferð – YES: Farið var yfir ferðatilhögun ferðarinnar og praktísk atriði. Undirbúningsfundur með Finnlandi og Noregi verður fljótlega.
 - d. NSK fundur / Skátahöfðingjafundur: Fundirnir verða fyrstu helgina í september. LMP og JÞG mæta fyrir hönd BÍS á NSK fund. Fríður Finna og Bragi Björnsson verða fulltrúar á skátahöfðingjafundi. JA ber hitann og þungann af undirbúningi.
 - e. Academy: Academy er haldið á Kýpur í ár. Ekki fékkst styrkur að þessu sinni. Framkvæmdastjóri telur því ekki forsendur til að senda þátttakanda frá BÍS.
 - f. Diversity Network meeting: Verður í Brussel 25 september. Andrea Dagbjört Pálsdóttir, Mosverjum, heldur áfram í þessu verkefni eftir LGBT+ fund í Grikklandi. Styrkt af European Commission að hluta og Samtökunum 78 að hluta.
 - g. Overture: Höfum ekki verið að taka þátt í því. Enginn styrkur.
 - h. Disaster mitigation workshop: JÞG tekur þátt í vinnusmiðju á vegum WOSM world um þátttöku bandalaga í viðbrögðum við krísu s.s. náttúruhamförum.
 - i. Bland í Poka: Bland í poka verður haldið helgin 7-9 október. JÞG kemst ekki, LMP og PLS mæta og sýna áhuga á að halda vinnusmiðju. TMH og MM láta vita seinna. BLB sýnir áhuga um að taka þátt í vinnusmiðju alþjóðaráðs um Erasmus+ styrktarkerfið.
 - j. JOTI-JOTA: Ræða og taka ákvörðun um framtíð og framkvæmd viðburðarins á Start up í samráði við Dagskráraráð.
 - k. Forandringsagenter: Undirbúningur er í góðum höndum og gengur ágætlega. Farið verður betur yfir á næsta fundi þegar skráning liggur betur fyrir.
 - l. Agora: Ákveðið að auglýsa eftir þátttakendum í þriðjudagspósti og facebookhóp ráðsins Tækifæri í alþjóðastarfi.
 - m. FOSE móttaka: FOSE móttaka verður í hádeginu laugardaginn 4. september. Ráðsmenn sem eru félagar hvattir til að mæta og athuga hvort einhverjir vilji bætast við hópinn.
 - n. Hong Kong: Skátamót í Hong Kong um jólin. Hópur um 15 skáta hefur sýnt áhuga á að fara.
 - o. YSP á Íslandi: Styrkur fenginn, Úfljótsvatn bókað 17. ágúst og umræða um viðburðinn hafinn á Roverway milli Liljars og Camillu hjá WOSM.
7. Kistan: Sótt verðir um budget á rekstraráætlun 2017.
8. Fararstjórar, auglýsing:
- a. Roverway 2018. JÞG gerði drög að starfslýsingu fyrir fararstjórn LMP og MM lesa yfir lýsinguna og koma með viðbrögð á næsta fundi.

- b. Jamboree 2019: Áætlað er að auglýsa eftir fararstjóra í fyrsta þriðjudagspósti janúar 2017.
- 9. Önnur mál
 - a. Marta upplýsti um þátttöku sína í skátamóti í Ekvador yfir jólin.
 - b. LMP hefur rætt við við Piu Mortensen (KFMK skáta í dk) varðandi samstarf með ungmennaskiptum. LMP leiðir umræðu og stefnumótun.
- 10. Næsti fundur alþjóðaráðs verður þriðjudaginn 30. ágúst klukkan 18:00 í H123.